

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendablettur 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 14. júlí 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – Þing fyrir lóðina nr. 4 við Vatnsendablett (áður Elliðahvamsvegur 2). í breytingunni felst heimild til að byggja 67 m² bílgeymslu austan núverandi einbýlishúss á lóðinni. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,03 í 0,04 við breytinguna. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. september 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 18. september 2025